



# MYND3ML05

## Kennsluáætlun – vorönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennarar áfangans:**

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum vinna nemendur með ýmis konar myndefni og færa það upp í mismunandi stílbrigði. Myndflöturinn er vettvangurinn og hann sýnir hvernig hin ýmsu mótíf taka breytingum eftir stíl. Unnið er með myndefni eins og t.d. uppstillingar, landslag, fólk og fantasíur. Þetta er fært í mismunandi stíla eins og t.d. raunsæi, kúbisma, impressionisma og súrrealisma með hjálp listasögunnar og notaðar margvíslegar aðferðir eins og blýantur, vatnslitir, þurrpastellitir, þekjulistir, blek, krít og kol.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hvernig myndefni taka breytingum eftir stílbrigðum.
- nokkrum mismunandi stílum
- þeim möguleikum sem mismunandi aðferðir bjóða upp á.
- nokkrum listastefnum frá 1870 og í kringum 1900.

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér og vinna með sama myndefni út frá ákveðnum stílbrigðum.
- greina og vinna með ólíka stíla.
- nýta sér nokkrar ólíkar aðferðir og efni til myndsköpunar.
- greina mismunandi myndbyggingu og sjá hver áhrif hún hefur.
- færa rök fyrir myndverki sínu og lýsa með orðum þeim áhrifum sem þar má finna.

## Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sína eigin mynd út frá mismunandi stílum og myndefni.
- beita ýmsum aðferðum við myndsköpun.
- nota ólík efni við myndsköpun.
- ná fram mismunandi áhrifum í verki sínu með ýmis konar myndbyggingu og litum.
- færa í orð og nota haldbær rök þegar myndlist er rædd.

## Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlög, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

## Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr gengur það upp í ýmiskonar liti og pappír og skal borga það á skrifstofu sem allra fyrst.

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- Mappa 5% Janúar
- Uppstilling - blýantur - raunsæi 15% Janúar
- Uppstilling - blek,krít eða kol - kúbismi 15% janúar - febrúar
- Uppstilling - þekjulitir, þurpastel, akrýl, vatnslitir eða blönduð tækni - súrrealismi eða impressionismi eða blanda fleiri stíla 15% febrúar - mars
- Portrett - fólk og fleira, ýmsar aðferðir og stílar 15% mars
- Fantasíur, ýmsar aðferðir og stílar 15% mars - apríl
- Lokaverkefni, með hluti, verur, tví- og þrívíð form í fjarvíddarborg og/eða náttúru 20% apríl - maí

## Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

